



Ágætu félagsmenn

Margt hefur áunnist á árinu 2016. Munar þar um mestu áhuga og eljusemi félagsmanna í nefndum og utan þeirra, sem boðnir eru og búnir til aðstoðar þegar taka þarf til hendinni. [Meðstjórnendum](#) mínum þakka ég góð verk og framlag á árinu. Teljast þær vinnustundir sem þau hafa lagt til starfseminnar í hundruðum klukkustunda. Þetta hafa þau gert samhliða fullri vinnu og eigin fjölskyldulífi. Við sem njótum þjónustu Snarfara erum í þakkarskuld við þessa dugmiklu einstaklinga.

Við erum stundum gjarnari til lasts en lofs í Snarfara. Uppbyggileg gagnrýni og aðhald til þeirra sem stýra hverju sinni er nauðsynleg. Þess verður þó að gæta að stjórn félagsins hefur enga hagsmuni aðra en heildarhagsmuni Snarfara að leiðarljósi í starfi sínu. Henni er skylt að fara eftir [lögum og reglum](#) félagsins og þarf að gæta að sanngirni og samræmi við ákvörðunartöku. Ívilnun fyrir stjórnarsetu er minniháttar. Stjórnarmenn taka ekki vaktir né greiða þeir fyrir upptöku og sjósetningu báta sinna einu sinni á ári. Þetta er ágætt fyrirkomulag og eiga stjórnarmenn ekki meiri rétt en aðrir félagsmenn til aðstöðunnar né eiga þeir að blanda hagsmunum sínum hagsmunum félagsins, nema ríkar ástæður liggja að baki.

Félagsmenn þurfa vettvang til að koma ábendingum og hugmyndum á framfæri. Stjórn framkvæmdi könnun meðal félaga í byrjun árs. Svarhlutfall var lágt en gaf vísbendingar um viðhorf til ýmissa mála. Opnuð var [fésbókarsíða](#) (*Snarfarafélagar*) sem tilvalin er til skoðanaskipta, að segja sögur og setja inn myndir. Eru félagsmenn hvattir til að skrá sig. [Fréttabréf](#) var gefið út mánaðarlega til að vekja áhuga félagsmanna á starfseminni og halda þeim upplýstum. [Heimasíða](#) Snarfara er fyrst og fremst upplýsinga- og fréttasíða. Hún var uppfærð reglulega með nýjum fréttum og hefur henni verið flett rúmlega 20 þ. sinnum frá febrúar 2016. Reiknast er til að hún hafi fengið um 4 til 5 þ. heimsóknir á þessu tímabili.

Snarfari er siglingaklúbbur og starfsemi klúbbsins á fyrst og fremst að snúast um þá sem eiga og nota báta sína. Snarfari er einnig félagsmiðstöð, vettvangur þar sem félagsmenn vinir þeirra og vandamenn koma saman til að fá sér kaffisopa og spjalla, eða til að taka þátt í öðrum viðburðum á vegum félagsins. Öllum á að finnast þeir velkomnir í Snarfara.

Fimmtudaginn 26. jan er aðalfundur og kosning til stjórnar. Skorað á áhugasama að bjóða sig fram. Undirritaður hefur ekki í hyggju að bjóða sig fram til formanns eða til stjórnar á næsta ári en mun sinna verkefnum fyrir félagið eins og áður, m.a. í fræðslustarfi, nefnd Samgöngustofu og í öðrum verkefnum, falist stjórn eftir því og henti undirrituðum.

Í þessu fréttabréfi er stiklað lauslega á því sem hefur verið gert á árinu og þeim verkefnum sem framundan eru. Einnig er hér aftur tæpt á umræðu um bátalyftu og þjónustumál í Snarfara. Það eru stórar ákvarðanir og miklar breytingar framundan og áriðandi að vel til takist.

Fyrir hönd stjórnar óska ég öllum félagsmönnum Snarfara og fjölskyldum þeirra gleðilegs og gæfuríks (siglinga)árs. Ég vil sérstaklega bjóða þá 30 nýju einstaklinga sem gerðust meðlimir félagsins á árinu hjartanlega velkomna í hópinn.

F.h. stjórnar,

Pétur Ó.Einarsson, formaður Snarfara.



Fréttir

Útskrift úr gerðarbók umhverfis- og skipulagsráðs frá 23.nóv 2016 vegna athugasemdar Snarfara um lóðina þ.e. hindrun við stækkun til suðurs. Athugið sérstaklega þá klausu sem ég hef undirstrikað (póe)

Svar

Aðalskipulagið miðar við að Snarfari verði áfram með aðstöðu á Fleyvangi við Naustavog . Á tanganum er nægilegt landrými, bæði fyrir fyrirhugaða samfélagsþjónustu og núverandi útivistarstarfsemi. Samkvæmt fyrirleggjandi samningum er ádráttur um stækkun lóðar Snarfara m.a. tengdur því að koma geti til skerðingar á lóð þeirri sem félagið fékk afnot af með samningi 1986. Undirstrikað er að afmörkun svæðis fyrir samfélagsþjónustu er sýnd skematísk í aðalskipulagi en stærð svæða á Tanganum og mörk milli lóða verða skilgreind í væntanlegu deiliskipulagi, sem nú er í undirbúningi, og samhliða því teknað upp viðræður um endurskoðun samnings við Snarfara.

Eftirfarandi kort ásamt stóru Mackintosh sælgætisboxi var sent starfsfólki Vaktstöð siglinga frá félagsmönnum Snarfara fyrir jólin 2016:



Aðgangskerfi. Enginn bauð sig fram í sjálfböðavinnu við að setja upp aðgangskerfi og verður því leitað tilboða í verkið. Verklýsing hefur verið send á félagsmenn í tölvupósti og eins kemur hún fram í frétt á heimasíðu. Ef einhver innan Snarfara hefur hug á að bjóða í verkið þá endilega að gera það og senda stjórn fyrir 8.janúar.

Rafmagn


Á gamlársdag sló út rafmagn á A-bryggju og félagsheimili og tók nokkurn tíma að koma því inn aftur. Bilunin er rekin til þess að nú er kalt í veðri og mikið álag á rafmagn á bryggjunni þar sem menn kynda nú báta sína. Er vinsamlega bent á að menn keyri ekki á fullu „gasi“ þó þeir séu með ofna sína í gangi. Ef slær út á A-bryggju þá slær út í hluta félagsheimilis og m.a. datt myndavélakerfi út á meðan.

Olíubryggja

Á gamlársmorgun var ljóst að olíubryggjan var að taka inn á sig sjó og var farin að halla anski mikið til norðurs. Haft var samband við eigendur (Shell) þegar ljóst var að ómögulegt var að koma við dælu til að dæla úr bryggjunni.



Hugmyndir arkitekta um framtíðarútlit svæðisins byggt á hugmyndum Reykjavíkurborgar eins og þær eru í dag og viðtölum við Snarfaramenn og þeirra hugmyndum. Ítreka hugmyndir! En sannarlega til umræðu.





Traktor/bátalyfta

Um 100 aðilar, innan og utan félags notuðu traktor til að draga báta sína upp og niður rampinn árin 2015 - 20016, alls u.þ.b. 200 skipti á hvoru árinu fyrir sig. Hver „dráttur“ kostar 5 þ.kr. Ef bátur er tekin upp og settur niður sama dag þá er kostnaður hinn sami. Líklega eru um 80 félagsmenn sem njóta þjónustunnar. Félagsmenn í Snarfara eru um 330. Traktorinn nýtist til nauðsynlegra verka í Snarfara en langmesta notkun hans er vegna upptöku og sjósetningu báta að lágmarki 100 klst á ári. Rekstarkostnaður hans fellur því fyrst og fremst á þessa þjónustu.

Það er í raun ekkert sem segir að nota eigi traktorinn í þessa þjónustu. Mér hefur skilst að hér áður fyrr hafi menn sem þess þurftu leigt vinnuvélar til þess arna með tilheyrandi kostnaði. Ég held þó að flestum ef ekki öllum þyki það sjálfsagt að boðið sé upp á slíka þjónustu í jafn stóru félagi og Snarfari er. Hins vegar hlýtur það að vera umhugsunarefni að ef á annað borð á að nota tæki félagsins við upptöku, sjósetningu og tilfærslu báta á svæði þá hljóti það að vera sanngirnismál að viðkomandi tæki geti sinnt öllum bátum félagsmanna en ekki bara sumum. Bátalyfta myndi gera það.

Skútur eru um 30 talsins og þurfa nær allar krana til þess að taka báta sína upp. Kostnaður í dag er á milli 20 og 25 þ.kr. fyrir hvert skipti. Sveigjanleiki er lítill og þurfi aðili að taka skútu sína upp á öðrum tíma en á svokölluðum hífingardögum getur kostnaðurinn margfaldast. Bátalyfta myndi því nýtast þessum aðilum til jafns við aðra og einnig er það staðreynd að margir bátaeigendur sem nota traktor til að sjósetja og taka upp báta sína myndu frekar kjósa að nota bátalyftu í stað þess að nota vagna sína í sjó og seltu.

Af hverju ættum við að kaupa bátalyftu:

- Þörfin er til staðar og við höfum fjárhagslegt bolmagn til þess. Tíminn er núna meðan vextir eru lágir, gengi hagstætt og horfur í efnahagsmálum jákvæðar.
- Þetta er fjárfesting sem borgar sig til lengri tíma og auknir tekjumöguleikar samhliða, beinar og afleiddar s.s. við þjónustu erlenda og íslenskra aðila utan félags þ.m.t. vetrarsetu og minniháttar viðhald sem er ekki í boði í dag.
- Sanngirnismál-getum sinnt öllum bátum félagsmanna en ekki bara sumum.
- Öryggi-sérstaklega hönnuð til að taka upp báta (mótorbáta og skútur).
- Öryggi-krani er að taka skútur upp í 6 -8 m hæð eða meira meðan bátalyfta væri með hann rétt yfir landi.
- Öryggi og sveigjanleiki. Hægt að fara um allt svæðið með báta-í dag komast ekki fleiri skútur við venjubundinn upptökustað og margar skútur eru niðri.
- Ekki bundin veðri eins og krani t.d. ef þarf að taka alla báta upp skyndilega og það er einhver vindur þá gæti krani ekki tekið skútur upp en bátalyfta gæti það.
- Líklegar kröfur yfirvalda um breytingar á athafnasvæði kalla á svona tæki.
- Minnkar slit á traktor sem nýtist þá til annarra verka og lifir lengur.
- Eykur endingu bátavagna sem fara ekki í sjó.
- Eðlileg þróun hjá félaginu að fjárfesta í bátalyftu.

Traktorinn er búinn að vera okkur dýr í ár vegna viðgerða. Er óskandi að við séum búnin að komast yfir slíkt og hann verði til friðs næstu árin. Með því að reikna lauslega (með fyrirvara)



afskriftir og rekstarkostnað árin 2013-2016 á móti tekjum sama tíma þá þyrfti gjald fyrir traktorinn að vera á núvirði tæpar 8000 kr. svo hann stæði undir sér. Bátalyfta sem tæki sama gjald fyrir félagsmenn og meira fyrir utanfélagsmenn myndi standa undir rekstrarkostnaði og skila töluverðum tekjum til félagsins sem nýttust til annarra góðra verka. Félagið á töluverða sjóði sem myndu fara langt með kaup á slíku tæki.

Þjónustumál

Þjónustumál eru ekki á góðum stað í Snarfara. Félagsmenn vilja þjónustu þegar þeir þurfa á henni að halda eða dettur í hug. Stjórn veitir hana þegar þeir geta. Það er oft eltingaleikur við stjórnarmeðlimi eða aðra t.d. sem kunna á traktorinn til að fá þjónustu. Víða erlendis eru sérstakir dagar árlega til þess arna en hér dreifist þetta yfir allt árið og vandséð að félagsmenn myndu vilja breyta því. Tökum dæmi um lykklaskipti. Sérstakir lykkladagar eru á hverju ári þar sem skuldlausum félagsmönnum eru afhentir lykklar af svæðinu. Um það bil þriðjungur félagsmanna sækir lykla sína á þessum skilgreinda tíma og dreifist svo restin á árið og mörg hlaupin hjá stjórn að redda lykklum eða félagamanna að ná í stjórnarmenn. Þetta á einnig við um aðgang að rafmagnskössum o.fl.

Traktor er annað dæmi vegna upptöku og sjósetningu báta. Þjónusta dreifist mjög yfir árið. Ég hef farið yfir það í einu fréttabréfa hvernig tíðnin er. Í stuttu máli er það svo að atvinnubátar þurfa þjónustu fyrr á árinu en skemmtibátar, en taka upp fyrr að hausti. Skemmtiblátarnir eru að þessu langt fram á vetur. Stjórn getur ekki veitt þessa þjónustu svo vel sé. Þetta eru u.þ.b. 200 skipti sem verið var að nota traktorinn hvort ár 2015 og 2016.

Árið 2015 sáu stjórnarmeðlimir (fyrst og fremst hafnarstjóri) um rúmlega 10% þessa báta. Árið 2016 sáu stjórnarmeðlimir (einungis hafnarstjóri) um tæplega 15% báta. Eigendur sáu um þetta sjálfir í 20% til 25% tilfella. Aðrir ótilgreindir í um 20% tilfella. Einstaklingur sem leigir hjá félaginu aðstöðu og hefur verið að gera við báta tók upp og setti niður restina bæði árin eða um nálægt helming. Þetta er staðreynd málsins. Viðkomandi er ekki starfsmaður félagsins og hefur enga ekki hagsmuna að gæta nema í þeim tilfellum sem hann er að vinna í viðkomandi bátum. Það er vandséð hvernig þessari þjónustu yrði sinnt ef ekki kæmi til aðstoðar hans. En það er ekki að treysta að hún sé eitthvað sem er í hendi.

Í verkefnakafla þessa fréttabréfs er talað um báta sem hafa verið settir á svæðið og ekki hafði verið gerð grein fyrir. Einnig er rætt um traktor og dýrar viðgerðir í ár. Það er engin launung að margir þeir sem eru að nota hann kunna misvel á tækið og fara misvel með. Líklega má rekja hluta af viðgerðarkostnaði þangað. Það eru líka ófáir traktorseðlarnir sem stjórnarmenn hafa skrifað þegar þeir hafa séð báta tekna upp eða setta niður og viðkomandi eigendur hafa gleymt að skrifa traktorsblað í framhaldi. Það er þá eins ljóst að margir gleymast hreinlega.

Það er mitt mat að ráða eigi einstakling til að hafa eftirlit og sinna þjónustu á svæðinu. Um væri að ræða vel skilgreina þjónustu t.d. vegna þeirra verkefna sem ég hef talið upp auk pantana á rekstrarvörum og slíkt. Þjónustan yrði veitt nokkrar klst á dag nokkra daga í viku og fer eftir álagi í Snarfara hverju sinni. Við eigum alla tölfræði til að skilgreina það. Um væri að ræða verktaka og reiknast mér til að þetta myndi kosta félagið rétt rúma milljón á ári. Tekjur kæmu á móti í betra eftirliti og svo væri þjónustan aðgengileg á skilgreindum tíma. Nýjar reglur um



frítekjumark gera okkur erfiðara um vik að finna starfsmann en ekki er ólíklegt að stjórnvöld breyti því, þar sem mikil andstaða hefur skapast um þær.

Nokkur verkefni Snarfara á árinu

Svæði, þjónusta og eigur

- Lyklaskipti voru í apríl og voru síðust lykklar afhentir í des. Keypt var nýtt lyklasett á árinu.
- Traktor/Traktor fór þrisvar sinnum í viðgerð og voru kostnaðarsamar
- Kar fyrir ónýta rafgeyma var sett við skemmu. Félagið fær af þeim skilagjald. Fyrst og fremst snýst það þó um umhverfisvernd. Olíuúrgangsgeymir var færður til vegna sömu ástæðu
- Farið var yfir svæðið og bryggjur í byrjun árs og athugað með báta á svæðinu sem ekki hafði verið gerð grein fyrir. Reikningar fyrir um eina milljón kr. sendar út í framhaldi. Nokkrir bátar fóru af svæðinu í framhaldi en þar eru þó enn bátar sem ekki greiða gjöld og/eða eigendur finnast ekki.
- Hreinsunardagar voru fjórir. Þrír að vori og einn að hausti. Rusli sem skilið hafði verið eftir á svæðinu var fleygt, aðalega járn- og timburdrasl og taldi rúmlega tvo gáma. Svo var hreinsað, málað, skrapað og mokað. Um 20 manns mættu í hvert sinn. Þrátt fyrir þetta tókst ekki að klára öll verkefni sem lágu fyrir enda af nógu af taka. Bíða þau næsta árs.
- Svæðið var endurskipulagt að hluta og hefur sjaldan verið snyrtilegra um að litast. Á hafnarstjóri mestan heiðurinn á því.
- Nýtt myndavélakerfi var keypt en það eldra var komið til ára sinna og var ekki að þjóna tilgangi sínum. Var það tilbúið og uppsett í lok desember. Einnig var settur upp öflugri net-router í leiðinni (4G). Upptaka úr einni myndavélinni verður aðgengileg á heimasíðu Snarfara.
- Fjórir færanlegir rafmagnsstaurar voru keyptir og koma til með að verða notaðir þar sem þeirra er þörf á svæðinu. Mikil þægindi og sveigjanleiki felast í hreyfanleika þeirra.
- Unnið var að því að fá bætt hlið sem var keyrt niður í haust. Tryggingarfélag tjónvalds sagði „nei“ í upphafi en er nú komið í gegn og tjónið bætt að fullu.
- Nær búíð er að ganga frá kaupum á aðgangskerfi þ.m.t. hliði og verður líklega undirritaður samningur í jan. Uppsetning hefst þá fljótlega og ætti að vera lokið á vormánuðum.

Félagsheimili

- Ný tölva á skrifstofu var keypt í byrjun árs en sú gamla var ónýt. Eitthvað af gögnum töpuðust.
- Skipta þurfti um ónýtt gólf á salerni í félagsheimili og voru ný hreinlætistæki keypt í leiðinni.
- Keyptir voru fjórir hægindastólar og borð sem hafa fengið góðar viðtökur.
- Samið var við Ölgerðina um uppsetningu sjálfsala sem er nú í húsi.
- Gardínur í félagsheimilinu voru teknar niður á hreinsunardögum og sendar í langþráðan þvott. Einnig var tekið vel til og nokkrum ruslapokum af gömlum tímaritum o.fl. var hent.
- Isnic gaf félaginu forláta Apple tölvu sem var sett upp í félagsheimili í stað eldri tölvu.
- Gluggakistur og þakskegg var málað á hreinsunardögum.

Bryggjur og ból

- Vatn og rafmagn var lagt í þjónustubryggju sem hafði verið án þess í nokkur ár.
- Hvammsvíkurbryggja var löguð eftir foktjón og sett út á sinn stað í byrjun sumars.



- Gert var við ból í Flatey sem var orðið lélegt og óöruggt.
- Keypt var skoðun hjá köfunarþjónustu um vorið til að greina ástand bryggja. Fyrir liggur skýrsla og verkefni sem verður að fara í á næsta ári.
- Hönnuð var og smíðuð „útstoð“ við A bryggju til að halda henni frá landi en syðri endi hennar hefur verið upp í grjóti á fjöru síðustu ár. Virðist aðgerðin hafa heppnast vel.
- Viðeyjarbryggja var sett út um sumarið í fyrsta sinn frá árinu 2013. Er hún á landi í Viðey og þarf að taka hana frekar snemma út á næsta ári vegna fuglalífs í eyjunni (*varp*).

Samskipti við yfirvöld o.fl.

- Mikill þrýstingur var settur á borgaryfirvöld í byrjun árs vegna lélegs ástands á vegi að Snarfara og endaði með að við fengum hann lagaðan til bráðabirgða.
- Tvær athugasemdir vegna fyrirhugaðra framkvæmda í nágrenni Snarfara voru sendar skipulagsyfirvöldum. Önnur vegna fyrirhugaðrar skólabyggingar á svæðinu sunnan við okkur og svo hin vegna fyrirhugaðrar landfyllingar austan og við ytri enda innsiglingar. Svar hefur borist vegna fyrirhugaðrar skólabyggingar og er gerð grein fyrir því síðar í þessu fréttabréfi.
- Stjórn átti tvo formlega fundi með Reykjavíkurborg, annan vegna innsiglingamála og hinn vegna fyrirhugaðra framkvæmda í nágrenni Snarfara (Vogahverfi). Eins voru mikil samskipti gegnum síma og tölvupóst vegna sömu mála. Við erum á sama stað og áður með innsiglingamálin og ekkert er fyrirséð í þeim efnum þó vilyrði hafi verið gefin um dýpkun. Samkvæmt samningi er ábyrgðin okkar.
- Í byrjun sumars hafði stjórn frumkvæði af og skipulagði fund með forstjóra Samgöngustofu og fleiri lykilmönnum stofnunarinnar með að markmiði að endurvekja nefnd sem vann að hagsmunum skemmtibáta. Tókst það vel og mun nefndin hefja störf í janúar.
- Haldnir voru þrjár fundir með arkitektastofunni Arkís sem teiknaði fyrir félagið hugmyndir af framtíðarskipulagi þess sem mun nýtast í samskiptum við borgaryfirvöld, en fyrirhugað er að skipuleggja svæðið í tengslum við nýtt deiliskipulag á Fleyvangi (athafnasvæði Snarfara).

Félagsstarf og stjórn

- Haldnir voru 12 formlegur stjórnarfundir á rekstarárinu og eins var hist nokkrum sinnum á óformlegum fundum. Einnig var haldin sérstakur nefndarfundur í byrjun árs.
- Ellefu fréttabréf voru send út á árinu og fjöldi tölvupósta. Fréttir voru uppfærðar reglulega á heimasíðu. Opnuð var fésbókarsíða (Snarfarafélagar).
- Haldnir voru tveir félagsfundir utan aðalfundar um vor og svo aftur um haust. Lítil mæting var á báðum fundum en ágætar umræður. Einnig var kallaður til sérstakur fundur vegna hugmynd um traktorskaup.
- Stjórn stóð fyrir 13 viðburðum á árinu og var þátttaka ærið misjöfn. Sjósetningarhátíðin var vinsælust en 120 manns skráðu sig í mat og um 150 manns voru á svæðinu þegar mest var. Má það líklega þakka tónleikum félaga okkar þeim mikla mannvini og tónlistarsnillingi KK. Samsigling var á „Menningarótt“ og voru um 20 bátar í henni, nokkur bjórkvöld voru skipulögð, sjómanna dagurinn var haldinn hátíðlegur, skötuveisla var í byrjun desember og



mætti þar um 40 manns og svo mætti lengi telja. Minnum svo á þorablót í lok jan. **Allir að mæta!**

Hugmyndir að verkefnum næsta ár

- Trégirðingar eru víða lélegar vegna fúa, jafnvel hættulegar. Á það séstaklega við girðingu innan við hlið á A/B bryggju.
- Gera þarf við landgang á A bryggju en ein platan er orðin léleg. Skipta þarf út fúnum spýtum í útleggjurum víða á A og B bryggju. Skipta þarf um allt timburverk á þjónustubryggju af sömu sökum.
- Laga þarf austurgafli félagsheimilis og eins þarf að mála húsið.
- Endurskoða ætti staðsetningu Viðeyjarbryggju og laga Hvamsvíkurbryggju sem skemmdist lítilega í haust í hvassvirði.
- Athuga þarf með samskonar búnað á B og C bryggju eins og á A bryggju þ.e. stoð til að halda bryggju frá landi.
- Skoða þarf alvarlega að kaupa bátalyftu á svæðið á árinu m.a vegna sanngirnis og öryggismála. Eins felast í því tekjumöguleikar fyrir félagið.
- Skoða þarf alvarlega að ráða starfsmann á svæðið til að auka þjónustustig við félagsmenn. Verið er að tala um fáeinar klst á viku þar sem félagsmenn geta þá örugglega fengið þjónustu.
- Lýsa þarf betur upp svæðið. Sú hugmynd kom upp á árinu að setja upp ljós í garðinn í innsiglingu (sem snýr inn í höfn) og er hún mjög áhugaverð/skemmtileg og ætti að skoða betur.
- Vinna þarf áfram að og ýta á dýpkun hafnar. Stíga þarf samt varlega til jarðar. Eins þarf að ýta frekar á almenilega viðgerð á vegi að Snarfara. Líklegt er að yfirvöld vilji geyma það þar til uppbygging hefst á svæðinu.
- Halda þarf áfram vinnu við endurskipulagningu svæðis vegna deiliskipulags á Fleyvangi. Líklegt er að borgaryfirvöld vilji endursemla við Snarfara um svæðið og er mjög mikilvægt að það sé vel af því staðið af hendi Snarfara og má ekki vera mál einstaklings. Mikil tækifæri fyrir félagið geta fylgt endurskoðun samnings.

Góðar stundir

Póe